

54
3. maí

Reglugjörð

um breyting á reglugjörð um eyðing refa og fjallskil í Dalasýslu, 6. ágúst 1912.

Við 18. gr. Í stað orðanna: »greiða með 5 aurum«, komi: »greiða 1 alin fyrir hverjar 10 kindur« og að niðurlagi greinarinnar: »ef eigi næst á annan hátt«, falli burt.

Við 49. gr. Í stað orðanna: »1 kr. og 50 aur.«, komi: »3 álnir á landsvísu«.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890 og lög nr. 36, 24. nóvember 1893, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. júní 1919.

Í stjórnarráði Íslands, 3. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

55
12. maí

Auglýsing.

Í sambandi við auglýsingu frá 30. f. m. auglýsist hjermeð, að þeir, sem æskja að flytja íslenskar afurðir, sem framleiddar eru á yfirstandandi ári, til útlanda, verða fyrst um sinn, þangað til öðru vísi verður ákveðið, að sækja um leyfi til útflutnings til stjórnarráðsins. Þess skal jafnframt getið, að vænta má, að útflutningsleyfi verði þegar veitt á öllum íslenskum afurðum, að undanskildum hestum, meðalalýsi og hrognum.

Í stjórnarráði Íslands, 12. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.